

Áætlun hafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.

1. Upplýsingar um höfnina.

Stjórnsýsluupplýsingar.

Útgáfudagssetning	20.06.2024
Nafn hafnar	Hofsóshöfn
Tegund hafnar	Lítil fiskihöfn
Heimili	565 Hofsós Ísland
Tengiliður	Dagur Þ. Baldvinsson
Staða tengiliðs	Hafnarstjóri
Sími	+354 4535169
Fax	+354 4535248
E-mail	hofnin@skagafjordur.is
Heimasíða	http://hofnin.skagafjordur.is
Fjöldi og tegund skipa og báta er nota höfnina.	- 5-7 þilfars- og opnir fiskibátar
	- 3-5 skemmtibátar
	-

Yfirlit yfir starfsemi innan hafnar.

Hofsóshöfn er staðsett á norðvesturlandi, innarlega í Skagafirði austanverðumverðum. Starfsemi tengd höfninni er fiskmarkaður.

Fiskmarkaður Íslands er með útibú á Hofsósi, en það er ekki staðsett á hafnarsvæðinu.

5 til 7 litlir fiskibátar sem eru í eigu heimamanna nota höfnina. Sorp frá þeim er nánast ekkert.

Um það bil 3-5 frístundabátar nota höfnina, flestir yfir sumartímann en margir allt árið. Sorp frá þeim er nánast ekkert.

A). Þörfin fyrir sorphirðuaðstöðu.

2. Meðhöndlun úrgangs á Hofsóshöfn.

Tafla 1 sýnir áætlað magn sorps í kílóum sem tekið var á móti árið 2023.

Tegund skips	Fjöldi skipa er notaði aðstöðuna	Úrgangur mótttekinn árið 2023 (kg).						
		Almennur-úrgangur	Endurvinnanleg efni	Neta-úrgangur	Lífrænn úrgangur	Hættuleg efni	Fljótandi úrgangur, olía/skolp.	Annað sorp
Lítill fiskiskip	6	300	Ekki vitað	Enginn	Enginn	Engin	Ekki vitað	

Tafla 2 sýnir hvernig Hofsóshöfn meðhöndlar úrgang frá skipum og bátum.

Tafla 2.

	Tegund og stærð aðstöðu	Aðferð við söfnun	Árlegt magn
Endurvinnanlegt sorp		Drykkjarumbúðir ef einhverjar eru, halda skipverjar sjálfir til haga.	
Fljótandi úrgangur / olía	Tankur við bílaverkstæðið Pardus	Bátseigendur sjá sjálfir um að koma olíunni í tankinn	330L
Annar úrgangur	Tvö 600 lítra kör		4-500 kg.

Tilgangur með gerð áætlunarinnar.

Tilgangurinn með gerð þessarar áætlunar er að koma í veg fyrir mengun frá skipum og draga úr því magni úrgangs sem berst út í umhverfið.

Á Hofsóshöfn eru tvö 600 lítra kör staðsett á áberandi stað á hvorri bryggju og vel aðgengileg og sýnileg frá bryggjuköntum. Aðstaðan í höfninni telst fullnægjandi miðað við þarfir þeirra báta sem koma til hafnarinnar. Körin eru losuð þegar þau eru full sem er á ca. tveggja mánaða fresti.

Gjald vegna þjónustu við skip og báta er auglýst í gjaldskrá fyrir Sauðárkrókhöfn.

<https://hafnir.skagafjordur.is/is/upplýsingar/gjaldskra>

Sorpkör hafnarinnar er ekki til almennra afnota fyrir íbúa Hofsós

Móttaka og förgun á sorpi er unnin í góðri samvinnu við Flokku ehf. sorpflokkunarstöð og bátasjómenn á Hofsósi sem eru einu notendur gámanna.

Engin formeðferð er á sorpi á Hofsóshöfn.

Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra eða sent tölvupóst á hofnin@skagafjordur.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyrvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>

Áætlun þessi er unnin í samræmi við lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs, ásamt reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum. Reglugerð nr. 1201/2014 um gjalddöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum. Einnig í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, ásamt reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum. Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum, reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur), reglugerð 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum

Skráning á magni sorps fer þannig fram að allt sorp er vigtað úr körunum og skráð á Hofsóshöfn.

Skólpi er, ef þarf, dælt beint í sérstakan bíl frá Flokku, sem er með skólptank.

Áætlun þessi, sem tengiliður ber ábyrgð á, er endurskoðuð á þriggja ára fresti, og oftast ef þörf krefur. Næsta endurskoðun fer fram eigi síðar en árið 2024. Áætlunin er aðgengileg í gagnabanka Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

